

Góðan dag

Takk fyrir að vekja athygli okkar á þessari þingsályktun. Það er margt mjög gott í þessari tillögu og það væri fagnandi ef næði fram að ganga.

Við horfum sérstaklega til kafla VI. sem listar upp 9 atriði um það hvernig við getum verndað börn og eftir eftirlit. Í greinargerðinni er hvatt til þess að setja frekara fjármagn í að greina börn til þess að stytta biðlista. Það er göfugt markmið en við myndum vilja leggja til að það væru settir peningar í að fara að vinna með börnum í vandanum þeirra. Oft á tíðum er vandinn svo augljós að heppilegra væri hreinlega að hefja snemmtæka íhlutun í málinu.

Þetta er raunveruleiki okkar fósturforeldra þar sem við leitum stöðugt í reynsluskjóður hvers annars til þess að hefja snemmtæka íhlutun í vandamálu fósturbarna okkar. Staðreynd okkar samfélags er sú að það eru ákveðin vatnaskil innan hópsins. Nýir fósturforeldrar bætast við sem við náum ekki að tengjast og þau vandamál sem við tökumst á við eru gjarnan þess eðlis að þau eru djúpstæðari og við einungumst í okkar eigin vandamálum. Tilfinningin er svolítið að þetta sjálfbæra kraftmikla samfélag sem leitaði lausna sjálft og létti á kerfinu, er farið að taka upp hegðun kerfisins. Við erum því oft orðin sjálf komin í biðrina með börnin okkar, til þess að fá greiningu eða staðfestingu á vandanum til þess að komast í næstu röð.

Við viljum biðla til ykkar um að hugsa til okkar. Við þurfum aðstoð og hún þarf núna að vera fjárhagsleg. Við þurfum að geta ráðið okkur starfsmann til þess að létta á forystunni okkar sem vinnur mikið starf launalaust fyrir þessi fósturbörn sem voru ólánsöm að fæðast inn í aðstæður sem samfélagið telur ekki ásættanlegt fyrir börn.

Við myndum vilja sjá að hér væri bara búinn til nýr kafli. Kafli um fósturbörn, fósturforeldra, systkini fósturbarna og fósturheimilin sem eina heild. Við myndum vilja sjá að þið settuð það á oddin með þessu öllu. Í þessum kafla gætum við til dæmis séð fyrir okkur að Félag fósturforeldra komist á fjárlög til þess að ráða sér faglegan starfsmann. Þessi starfsmaður væri verðmæti fyrir kerfið í heild sinni. Í sama kafla væri hægt að stefna að því að fósturbörn gætu átt raunverulegan möguleika að verða ættleitt af fósturforeldrum sínum en slík staða veldur streitu hjá mörgum fósturbörnum. Hér erum við ekki að segja að öll fósturbörn skuli ættleidd en það þarf að ræða undir hvaða tilvikum slíkt væri gert. Í sama kafla gætum við séð fyrir okkur að verklag yrði samræmt milli barnaverndarnefnda og sveitarfélaga gagnvart fósturforeldrum. Í sama kafla væri loks hægt að hreyfa við málum í fósturkerfinu sem hafa staðið frosin of lengi.

Hvort sem að það gerist sem viðbót í þessari tillögu eða þið hugsið til okkar í fjárlagagerð, þá fögnum við öllu sem vinnur að auknum réttindum barna og styrkir ekki bara stöðu þeirra, heldur heilsu, sjálfsmynd og öryggi. Við sinnum því á hverjum degi út um allt land og þangað til nýverið höfum við unnið það án þess að fá athygli fyrir það. En núna þurfum við hjálp.

Fyrir hönd félagsins,  
Guðlaugur Kristmundsson, formaður Félags fósturforeldra

Reykjavík, 1.11.2018

**Efni: Umsögn Embættis landlæknis við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2022 um stöðu barna og ungmenna.**

Embætti landlæknis telur mikilvægt að Alþingi sameinist um að standa vörð um hagsmuni, velferð og vellíðan barna í landinu og styður heilsuhugar við samfélagslegar aðgerðir stjórnvalda til eflingar þessara þátta. Nú þegar er umfangsmikil vinna farin af stað innan velferðarráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins í málefnum barna sem mikilvægt er að fái áframhaldandi brautargengi og e.t.v. snerta þær aðgerðir sem lagðar eru fram í þessari þingsályktunartillögu.

Einnig er mikið starf nú þegar í gangi hvað varðar Heilsuefandi samfélag og Heilsuefandi leik-, grunn- og framhaldsskóla líkt og nefnt er í [Lýðheilsustefnu og aðgerðum sem stuðla að heilsuefandi samfélagi, með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri](#). Meginmarkmið þessa starfs er að styðja samfélög og skóla í að vinna með markvissum hætti að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum eins og næringu, hreyfingu og heilsu og vellíðan allra.

Varðandi lið 1 þá styður Embætti landlæknis eindregið að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði en telur rétt að þessi tími sé skilgreindur sem réttur barns til umönnunar þannig að tryggt sé að öll börn fái þennan tíma með foreldri óháð hjúskaparstöðu eða annarri stöðu foreldra. Barn sem eingöngu á eitt foreldri sem sinnir uppeldinu ætti að fá þessa 12 mánuði í umönnun foreldris óskerta rétt eins og börn þar sem tveir foreldrar koma að uppeldinu.

Í lið 7 undir 1. grein þingsályktunartillögunnar er hins vegar fjallað um að koma á fót barnahúsi og þá veltir embættið fyrir sér hvort þar sé átt við útvíkkun á starfsemi Barnahúss á vegum Barnaverndarstofu? Þetta er óljóst og þyrfti að orða skýrar.

Varðandi grein 3 um forvarnir þá hefur umræða undanfarinna ára, um víðtækari áhrifaþætti heilbrigðis, leitt til vaxandi viðurkenningar á mikilvægi umhverfispátta í heilsuhegðun, s.s. áhrif heimilis, skóla og frístundastarfs. Forvarnarvettvangurinn hefur þó verið heldur seinn að aðlagast. Forvarnir snúast því miður enn gjarnan um fræðslu og miðlun þekkingar í þeirri von að hafa áhrif á hegðun, þrátt fyrir skort á sterkum vísindalegum grunni um virkni slíkra aðferða.

Hefðbundnar áfengis- og vímuforvarnir í Evrópu hafa aðallega snúist um að vara fólki við hættunni og mögulegum afleiðingum notkunar vímuefna og/eða upplýsa um öruggari leiðir til að nota vímuefni. Nýlegri nálgun, sem viðurkennir áhrif samfélagslegra þátta og tengsl við hegðun, leggur áherslu á að hjálpa ungu fólki að þróa nauðsynlega félagslega færni og hæfni til að bera sig að í samfélaginu, sem og að styðja foreldra og skóla í uppeldishlutverki sínu gagnvart börnum, eins og er reyndar ávarpað í grein 2 í þingsályktunartillögunni og er það vel.

Í grein 2 hefði Embætti landlæknis viljað sjá meiri áherslu á geðrækt í skólastarfi, en tryggja þarf skólum það svigrúm, mannauð og stuðning sem þarf til þess að efla jákvæða hegðun, líðan og félagsfærni barna. Jafnframt er mikilvægt að lögð sé áhersla á snemmtæka íhlutun vegna náms-, hegðunar-, félags- og tilfinningalegra erfiðleika í skólakerfinu í samræmi við þrepaskipt stuðningskerfi (multi-tiered systems of support).

Embættið telur ennfremur ekki ráðlegt að leggja áherslu á fræðslu um offitu eins og nefnt er í 3. grein þingsályktunartillögunnar þar sem rannsóknir benda til þess að það skili takmörkuðum árangri og geti valdið skaða s.s. aukið skömm og fitufordóma. Áherslan ætti fremur að vera á að auka aðgengi að hollum mat og daglegri hreyfingu og takmarka aðgengi að óhollustu í umhverfi barna og ungmenna, eins og lagt er upp með í starfi Heilsueflandi samfélags og skóla. Þá telur embættið að vert væri að skoða að niðurgreiða og/eða gera hádegisverð í grunn- og framhaldsskólum gjaldfrjálstan.

Í grein 4 um aðgerðir í þágu barna og ungmenna með geðraskanir og þroskafrávik og langveikra barna telur embættið mikilvægt að horft verði heildstætt til þjónustuparfar barna og ungmenna. Í lið 3 undir þessari grein er til dæmis aðeins minnst á Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans og í lið 5 um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins en ekki síður er mikilvægt að vinna gegn biðlistum á öðrum stofnunum sem þjónusta börn vegna þroska-, hegðunar- eða tilfinningavanda, s.s. í skólathjónustu, heilsugæslu og þroska- og hegðunarstöð. Meginreglan ætti að vera sú að börn bíði ekki eftir þjónustu sem er mikilvæg heilsu þeirra og velferð.

Í grein 5 um aðgerðir í þágu barna og ungmenna með hegðunar- og vímuefnavanda mætti sömuleiðis leggja meiri áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir, foreldrastuðning og snemmtæka íhlutun, t.d. með því að auka aðgengi að úrræðum á borð við MST þannig að unnt væri að grípa fyrir inn í byrjandi vanda. Sömuleiðis að auka aðgengi foreldra að gagnreyndri uppeldisráðgjöf í nærumhverfi til að fyrirbyggja þróun hegðunarvanda. Að sama skapi er mikilvægt að leggja áherslu á að refsandi eða útilokandi aðgerðir séu ekki notaðar sem hluti af agastefnu í skólum og að næg þekking og færni sé til staðar í skóla- og frístundastarfi til að takast á við hegðun barna á jákvæðan og uppbyggjandi hátt.

Í 6. grein er varðar aðgerðir sem vernda börn og ungmenni gegn heimilisofbeldi og kynferðisbrotum telur embættið vanta að taka sérstaklega fram að börn ofbeldisfólks verði varin og að sýslumannsembættin hafi sérstaka verkferla þegar farið er yfir forsjár- eða umgengnismál þar sem ofbeldi hefur átt sér stað.

Virðingarfyllst,

Alma D. Möller, landlæknir.



Velferðarnefnd  
nefundasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. október 2018

## **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna - 13. mál, tillaga til þingsályktunar 149. löggjafarþing 2018-2019**

### **Umsögn**

Við undirrituð lýsum yfir ánægju með marga þætti tillögunnar. Við teljum hinsvegar mikilvægt að koma eftirfarandi áhersluþáttum á framfæri.

Nauðsynlegt er að skilgreina betur ábyrgð, verklag og þjónustu 1., 2. og 3. línu þjónustu og samvinnu eða flæðis á milli þeirra. Jafnframt þarf að styrkja og skilgreina verklag og ábyrgð á milli 2. og 3. línu þjónustunnar til að koma í veg fyrir fráflæðisvanda frá 3. línu stofnunum s.s. Barna- og unglingsdeild (BUGL).

Raunveruleikinn í dag birtist ekki síst í ákveðnu tómarúmi hvað varðar 2. stigs úrræði fyrir ungmenni 18 ára og eldri. Nær ógerlegt er að fá tíma hjá sjálfstætt starfandi geðlæknum á stofu sem taka ekki nýja sjúklinga eða biðlistar eru óhóflega langir. Um 20% barna á BUGL eru yfir 18 ára gömul. Oft er um að ræða börn sem hafa verið lengi í þjónustu og eru jafnvel á flókinni lyfjameðferð.

Á undanförunum árum hefur samvinna BUGL við heilsugæslustöðvar aukist. Haldnir eru þverfaglegir teymisfundir þar sem farið er yfir málefni barnanna með aðkomu ólíkra kerfa. Þessi samvinna hefur þó aldrei verið skilgreind en þróast út frá áhuga stofnananna sjálfra og starfsmanna þeirra. Að mati flestra hefur mikið áunnist en efla þarf þessa þjónustu betur, útvíkka og skilgreina.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að mælt er með afkastahvetjandi kerfi gagnvart greiningum. Við undirrituð teljum að það fyrirkomulag krefjist frekari skýringa, þar sem það geti mögulega leitt til ofgreininga.

Virðingarfyllst með kveðju,

Gísli Baldursson, starfandi yfirlæknir BUGL

Guðrún B. Guðmundsdóttir, sérfræðilæknir á BUGL

Helga Jörgensdóttir, hjúkrunardeildarstjóri göngudeildar BUGL

Sigurveig Sigurjónsd. Mýrdal, hjúkrunardeildarstjóri legudeildar BUGL

## Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 13. mál.

Landssamtökin þroskahjálpar fagna þessari þingsályktunartillögu og hvetja Alþingi eindregið til að samþykkja hana.

Landssamtökin Proskahjálpar vinna að mannréttindamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun. Aðildarfélag að samtökunum eru rúmlega 20 með um 6000 félögum.

Samtökin vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi tillöguna og efni hennar.

Íslenska ríki fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að virða öll ákvæði samningsins og framfylgja þeim.

Í samningnum er lögð mjög mikil áhersla á skyldur stjórnvalda til samráðs við fatlað fólk, þ.m.t. fötluð börn og samtök sem vinna að réttinda- og hagsmunamálum þeirra. Í 4. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina *Almennar skuldbindingar* segir:

*Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.* (Undirstr. Proskahjálpar)

Í 7. gr. samningsins, sem hefur yfirskriftina *Fötluð börn*, segir:

1. *Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluð börn fái notið mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við önnur börn.*
2. *Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.*
3. *Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við aldur þeirra og þroska og til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika.*

Í 23. gr. samnings SP um réttindi barnsins eru ákvæði sem varða fötluð börn sérstaklega og skyldur stjórnvalda gagnvart þeim. Greinin hljóðar svo:

1. *Aðildarríki viðurkenna að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og*

virkri þátttöku í samfélaginu.

2. Aðildarríki viðurkenna rétt fatlaðs barns til sérstakrar umönnunar, og skulu þau stuðla að því og sjá um að barni sem á rétt á því, svo og þeim er hafa á hendi umönnun þess, verði eftir því sem föng eru á veitt sú aðstoð sem sótt er um og hentar barninu og aðstæðum foreldra eða annarra sem annast það.

3. Með tilliti til hinna sérstöku þarfa fatlaðs barns skal aðstoð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar veitt ókeypis þegar unnt er, með hliðsjón af efnahag foreldra eða annarra sem hafa á hendi umönnun þess, og skal hún miðuð við að tryggð sé að fatlaða barnið hafi í raun aðgang að og njóti menntunar, þjálfunar, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingar, starfsundirbúnings og möguleika til tómtundaiðju, þannig að stuðlað sé að sem allra mestri félagslegri aðlögun og þroska þess, þar á meðal í menningarlegum og andlegum efnum.

4. Aðildarríki skulu í anda alþjóðlegrar samvinnu stuðla að því að skipst sé á viðeigandi upplýsingum um fyrirbyggjandi heilsugæslu og læknisfræðilega, sálfræðilega og starfræna meðferð fatlaðra barna, þ. á m. með dreifingu á og aðgangi að upplýsingum um endurhæfingaraðferðir, menntun og atvinnuhjálp, er miði að því að gera aðildarríkjum kleift að bæta getu sína og færni og auka reynslu sína að þessu leyti. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarlanda.

Landssamtökin Þroskahjálpi telja augljóst að þegar íslensk stjórnvöld gera áætlanir til að bæta stöðu barna og ungmenna á Íslandi og sérstaklega m.t.t. jafnra tækifæra þeirra og mannréttinda almennt hljóta þau að hafa mjög mikla hliðsjón af ákvæðum samnings SP um réttindi fatlaðs fólks almennt og sérstaklega þeirra ákvæða sem lúta að réttindum fatlaðra barna og skyldum stjórnvalda gagnvart þeim.

Í því samhengi benda samtökin á að fötluð börn eru ekki aðeins berskjölduð vegna aldurs síns, heldur einnig vegna fötlunar sinnar og er því þegar um fötluð börn er að ræða um tvær mögulegar mismununarástæður að ræða sem teljast hvor um sig vera mannréttindabrot í skilningi laga og fjölpjóðlegra mannréttindasamninga. Þegar um er að ræða fötluð börn af erlendum uppruna (innflytjendur, hælisleitendur, flóttafólk) bætist við þriðja mögulega mismununarástæðan, þ.e. uppruni, en mismunun á þeim grundvelli er einnig alvarlegt brot gegn mannréttindum. Það er því sérstök ástæða til og skylda á stjórnvöldum að líta sérstaklega til stöðu, aðstæðna og þarfa þessara hópa við alla stefnumótun og áætlanagerð til að bæta stöðu barna og ungmenna.

Þá vilja samtökin benda á að mjög skortir á markvissa söfnun og vandaða úrvinnslu og miðlun áreiðanlegra gagna og upplýsinga varðandi stöðu fatlaðra barna á Íslandi. Má í því sambandi t.a.m. nefna upplýsingar varðandi vistun fatlaðra barna utan heimilis og stöðu fatlaðra barna af erlendum uppruna.

Þjónusta við fötluð börn er að mestu á ábyrgð og verksviði sveitarfélaga og skortir verulega á að ríkið haldi uppi nægilega burðugu og skilvirku eftirliti með að þau þurfi ekki að þola mismunun á grundvelli búsetu.

Tækifæri fatlaðra ungmenna til náms eru mun einhæfari og minni en ungmenna almennt hér á landi en það er að sjálfsgöðu alvarleg mismunun hvað varðar menntun og þar með atvinnu mörg önnur tækifæri í lífinu og samfélaginu sem mjög ráðast af menntun fólks.

Landssamtökin Þroskahjálþ óska eindregið eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að gera betri grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslumálum.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssamtakanna Þroskahjálþar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2018.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 149. löggjafarþing 2018 -2019. Þskj. nr. 13 – 13. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra hér á landi. Í tillögunni er mælt fyrir um ýmsar aðgerðir til að styrkja stöðu barna og ungmenna, m.a. að þriðja valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verði lögfest hér á landi á árinu 2019, að skipaður verði samráðshópur fulltrúa ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að yfirfara tilmæli alþjóðlegra nefnda varðandi málefni barna sem og skýrslur umboðsmanns barna og koma með tillögur um með hvaða hætti megi bregðast við til að treysta stöðu barna og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Þá er og mælt fyrir um almennar forvarnaradgerðir, aðgerðir til að bæta stöðu barnafjölskyldna, aðgerðir í þágu barna innflytjenda, aðgerðir er vernda börn og ungmenni gegn heimilisofbeldi og kynferðisbrotum, aðgerðir til að styðja langveik börn o.fl.

MRSÍ telur mikilvægt að þingsályktunin verði samþykkt enda eru þær aðgerðir sem í tillögunni greinir mjög mikilvægar að mati skrifstofunnar og til þess fallnar að bæta stöðu barna og ungmenna. Aðgerðir þessar kæmu jafnframt til með að efna a.m.k. flest þau tilmæli sem alþjóðlegir eftirlitsaðilar á vegum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins hafa gefið íslenskum stjórnvöldum varðandi málefni barna og ungmenna.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri



## **Umsögn frá Miðstöð foreldra og barna um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna.**

*Miðstöð foreldra og barna* hefur rekstrarleyfi frá Landlækni og sérhæfir sig í meðferð foreldra og ungbarna sem glíma við geðheilsuvanda í barneignuferli. Miðstöðin er eina sinna tegundar hér á landi, hún er ekki rekin í hagnaðarskyni heldur fyrir frumkvæði og á ábyrgð stofnenda hennar sem allir eru með heilbrigðismenntun og viðbótarþjálfun í fjölskyldumeðferð foreldra og ungbarna.

Á fjárlögum síðustu fimm ára hefur miðstöðin fengið kr. 20 000 000 árlega og hefur ákvörðun um starfsemi hennar verið tekin í desember ár hvert.

Það hefur skipt sköpum að ýmis góðgerðarsamtök hafa styrkt starfsemina og fyrir þann stuðning hefur verið hægt að bæta við starfsmönnum og meðferðarúrræðum til að anna betur eftirspurn eftir þjónustunni. Biðlisti er eftir meðferð en vikulega er haft samband við alla á biðlista og forgangsraðað í meðferðina eftir þörf. Notaðir hafa verið ýmsir matslistar til að meta árangur meðferðarinnar sem sýna góðan árangur ihlutunar og fjöldi tilvísana hefur aukist með ári hverju. Tilvísanir koma flestar úr heilsugæslunni.

Í ljósi reynslu síðastliðinna 10 ára viljum við gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda tillögu:

### **II. Aðgerðir í þágu barna, ungmenna og foreldra og stuðningur í uppeldisstarfi.**

1. Við leggjum áherslu á að stefnt verði að frekari lengingu fæðingarorlofs. 12 mánuðir eru í rétta átt en með tilliti til þarfa ungbarna fyrir tengsl við foreldra þarf að stefna að 18 mánuðum.
2. Því ber að fagna að stefnt sé að því að bjóða foreldrum gjaldfrjálsa uppeldisráðgjöf og námskeið sem hæfa mismunandi æviskeiðum í lífi barnsins. Fræðsla til foreldra er mikilvæg en hún svarar ekki þörfum þeirra sem glíma við geðheilsuvanda. *Miðstöð foreldra og barna* sinnir árlega um 150 fjölskyldum sem reynslan sýnir að þurfi meiri og sérhæfðari þjónustu en heilsugæslan veitir án þess að eiga erindi á geðdeild. Um er að ræða fjölbreyttan hóp foreldra sem glímur við kvíða, þunglyndi, áfallastreitu, persónuleikaraskanir, fíknivanda og geðraskanir. Fræðsla og námskeið eru ekki viðeigandi úrræði fyrir þennan hóp. Rannsóknir sýna ótvírætt að geðrænn og tilfinningalegur vandi foreldra auk tengslavanda hefur áhrif á þroskaferil barns og þar með heilsu þess og velferð um alla framtíð. Brýnt er að tryggja hag ungbarna með því að veita foreldrum þeirra viðeigandi geðheilbrigðisþjónustu á meðgöngu og fyrstu árum barnsins. Slíka geðheilbrigðisþjónustu þarf að festa í lög.

3. Mikilvægt er að efla þverfaglegan og þverstofnanalegan skilning á vanda barna. Þar ber sérstaklega að nefna nauðsyn þekkingar á áhrifum áfalla í barnæsku sem rannsóknir sýna með ótvíræðum hætti að hafi afgerandi áhrif á heilsufar á fullorðinsaldri, líkamlegt ekki síður en andlegt. Slíka þverstofnalega samvinnu þarf að festa í lög.
7. Við fögnum áformum um að koma á fót barnahúsi og leggjum til að þar yrði staðsett geðheilbrigðis- og félagsþjónusta fyrir foreldra og börn frá meðgöngu. Auk aðgengilegrar geðheilbrigðisþjónustu ættu foreldrar vól á fræðslu, þátttöku í stuðningshópum og opnu húsi í barnvænu umhverfi.

#### **IV. Aðgerðir í þágu barna og ungmenna með geðraskanir og þroskafrávik og langveikra barna.**

3. Við bendum á að áhrifarík leið til að vinna á biðlistum eftir þjónustu barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans er að veita viðeigandi þjónustu fyrr, á meðgöngu eða fyrstu æviár barnsins. Það er fullkomlega óviðunandi að ungum börnum sé ekki tryggð sérhæfð geðheilbrigðisþjónusta en eins og staðan er nú komast þau ekki svo mikið sem á biðlista barnageðdeildar fyrr en þau nálgast grunnskólaaldur. Ísland stendur langt að baki þeim nágrannalöndum sem hafa fest grunnþjónustu við yngstu börnin í lög og regluverk. Ríkisendurskoðun hefur gagnrýnt stjórnvöld harðlega fyrir að hafa ekki staðið við skyldur sínar gagnvart börnum eins og lög og alþjóðlegir samningar kveða á um. Þá hefur Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna mælt til þess að íslenska ríkið efli geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn.

Við minnum á að vandi foreldra verður vandi barna þeirra. Börn á fyrsta æviári sem eiga foreldra sem glíma við geðheilsuvanda eru í margfaldri hættu á að verða fyrir ofbeldi en eldri börn. ACE rannsóknin sýnir að áföll og streita í æsku auka verulega líkur á áhættuhegðun barna og heilsubresti á fullorðinsárum. Sé tekið mið af skýrslu London School of Economics má áætla að fyrir hverja krónu sem varið er í þjónustu við börn á meðgöngu og fyrsta árið sparist 30 í heilbrigðis- félags- og menntakerfinu þegar til lengri tíma er litið.

Virðingarfyllt,

31/10 2018

f.h. Miðstöðvar foreldra og barna,

Sæunn Kjartansdóttir

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 10. október 2018 um umsögn stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna (þskj. 13, 13. mál á 148. löggjafarþingi).

Þingsályktunartillagan varðar ekki reglur um vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni hennar.

F.h. Persónuverndar,  
**Þórður Sveinsson**



Velferðarnefnd Alþingis Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 30.október. 2018

**Aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna 13. mál,  
þingsályktunartillaga 149. löggjafarþing 2018–2019.**

Samtök kvenna af erlendum uppruna fagna því heils hugar að þingsályktunartillaga um aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna hefur verið lagt fram.

Samtök kvenna af erlendum uppruna telur mikilvægt að þingsályktunin verði samþykkt enda eru þær aðgerðir sem í tillögunni greinir mjög mikilvægar að okkar mati sérstaklega hvað varðar VII. Aðgerðir í þágu barna innflytjenda.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtök kvenna af erlendum uppruna,

Nichole Leigh Mosty, verkefnastjóri.

Angelique Kelley, formaður.



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 2. nóvember 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 13. mál.**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda þingsályktunartillögu.

Umboðsmaður barna fagnar þingsályktunartillögunni og vonar að hún verði samþykkt og telur að þær aðgerðir sem taldar eru upp eru til þess fallnar að styrkja stöðu barna hér á landi. Þá vill hann sérstaklega lýsa yfir ánægju með tillögu þess efnis að lögfesta þriðju valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann, sbr. lög nr. 19/2013, að undangengnu átaki þar sem stjórnvöld og úrskurðaraðilar fá fræðslu um kröfur Barnasáttmálans er varðar þjónustu við börn. Tilgangur bókunarinnar er að stuðla að auknum réttindum barna með því að koma á fót sérstakri kærheimild handa börnum eða fulltrúum þeirra til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og er því vel til þess fallin að styrkja stöðu barna hér á landi.

Umboðsmaður áréttar ennfremur mikilvægi þess að tryggt verði nægt fjármagn til að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem lagaðar eru til með aðgerðaáætluninni.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna

30.10.2018

Góðan dag.

Stjórn Umhyggju fagnar þessari þingsályktun um aðgerðaráætlun árin 2019 – 2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Þær athugasemdir sem félagið vill benda á eru eftirfarandi:

Athugasemd við lið nr. IV um aðgerðir til að minnka biðlista BUGL og GRR. Félagið telur rétt að settar verði tillögur um langtímaeftirfylgni og þverfaglega göngudeildarþjónustu á Barnaspítala Hringins fyrir börn með fjölþættan vanda, langveik börn og börn með fatlanir. Einnig er mikilvægt að langveik börn fái aðstoð og þjónustu þegar þau verða 18 ára og þurfa að flytjast yfir á fullorðinsdeild/fullorðinsteymi. Það er atriði sem mjög margir foreldra kvíða fyrir, og er stórt vandamál hjá mjög mörgum fjölskyldum.

Bestu kveðjur,



Ragna K. Marinósdóttir  
framkvæmdastjóri Umhyggju  
Háaleitisbraut 13  
108 Reykjavík  
Sími: 552-4242  
GSM: 863-4243  
[umhyggja@umhyggja.is](mailto:umhyggja@umhyggja.is)  
[www.umhyggja.is](http://www.umhyggja.is)

Reykjavík, 31. október 2018

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8—10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Efni: Umsögn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 13. mál.**

UMFÍ er afar jákvætt í garð frumvarps um aðgerðaráætlun stjórnvalda fyrir árin 2019—2022 sem ætlað er að styrkja stöðu barna og ungmenna á Íslandi og efla heilsu þeirra. Sérstakt ánægjuefni er að sjá að aðgerðaráætlun á að vera tímasett og fjármögnuð. Það tryggir framgang áætlunarinnar og mun líklegra að hún skili árangri en ella. Samráðshópur er jafnframt líklegri til árangurs.

## Mikilvægt að vinna saman

Heilsuefning er mikilvæg nú sem aldrei fyrr. Við hjá UMFÍ höfum talað fyrir bættu mataræði og lagt áherslu í ræðu og riti á heilbrigðara fæðuúrval samhliða heilsuefningu með ýmsu móti.

Afar ánægjulegt er að sjá í tillögunum samvinnu við frjáls félagasamtök og sveitarfélög um bætt aðgengi allra barna og ungmennum að íþrótt- og félagsstarfi, ekki síst þeim sem búa við veikan fjárhag eða tilheyra jaðarhópum í samfélaginu.

Innan UMFÍ eru 29 sambandsaðilar og rúmlega 340 íþróttafélög um allt land sem sinna félagsmönnum sínum. Möguleiki er að efla samstarf við íþróttafélögin og styðja með þeim hætti betur við framgang aðgerðaráætlunar stjórnvalda um allt land með ýmsum verkefnum sem kallast á við aðgerðaráætlunina.

## Heilsuefning er forvörn

Besta forvörnin felst í heilsuefningu og góðum fyrirmyndum. UMFÍ stendur með embætti forseta Íslands, embætti landlæknis, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og fleirum að forvarnardegi forsetans. Það er árlegur viðburður í mörgum grunnskólum þar sem lögð er áhersla á forvarnir í stóru samhengi og heilsuefningu í grunnskólum landsins. Á hverju ári er eitt tiltekið forvarnarmál tekið fyrir. Á þessu ári var kastljósinu beint að aukinni rafrettunotkun ungmenna. Forseti Íslands fór með samstarfsaðilum í Réttarholtsskóla og grunnskóla Grindavíkur nú í haust á þessum degi og ræddi hann þar við nemendur um forvarnir.


## Allir með í íþróttum

Kjörorð UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Það fallega og göfuga kjörorð nær til allar íbúa landsins, heilsu þeirra og vellíðunar, alveg óháð því hvort viðkomandi er innfæddur eða af erlendu bergi brotinn.

UMFÍ og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) ýttu í haust úr vör verkefninu **Vertu með** (sjá: <https://www.umfi.is/minar-sidur/komdu-og-vertu-med/>). Markhópur verkefnisins eru foreldrar barna af erlendum uppruna og er markmiðið að veita þeim upplýsingar um það sem íþróttafélögin bjóða börnum þeirra upp á í skipulögðu íþróttastarfi. Rannsóknir hafa einmitt sýnt að nýir íbúar aðlagast samfélögum betur í gegnum íþróttir, hvort heldur er með eigin þátttöku eða þátttöku barna þeirra. Í tengslum við verkefnið voru gefnir út bæklingar á sex tungumálum með hagnýtum upplýsingum um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga landsins. Sem dæmi má nefna kosti þess að hreyfa sig, upplýsingar um æfingagjöld og frístundastyrki og mikilvægi þátttöku foreldra svo dæmi séu nefnd. Bæklingarnir eru á íslensku, ensku, pólsku, taílensku, litháísku og filippseyksku.

Mikilvægt er að hlúa að börnum og ungmennum. Því teljum við aðdáunarvert af stjórnvöldum að leggja fram vel ígrundaða og tímasetta aðgerðaráætlun til nokkurra ára þar sem sjónum er beint sérstaklega að ungmennum. Mikilvægt er að þetta verði ekki aðeins í orði. Látum verkin tala samfélaginu til góða og framtíðinni til heilla.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,  
Framkvæmdastjóri UMFÍ



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31.10.2018

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um þingsályktunartillögu um aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2022, til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 13.mál.**

Öryrkjabandalag Íslands fagnar tillögunni og telur mikilvægt að Alþingi samþykki hana.

Löngu tímabært er að stjórnvöld leggi meiri áherslu á velferð barna. Gleðilegt er að sú aðgerðaráætlun sem lögð er fram byggir á rétti barnsins samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að til standi að lögfesta þriðju valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann.

Dæmi eru um að börn þurfi að bíða óeðlilega lengi eftir þjónustu eða fái jafnvel ekki nauðsynlega þjónustu vegna óvissu um ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. ÖBÍ telur það því mikið framfaraskref í íslenskri stjórnsýslu að samráðshópurinn sem lagt er til að verði skipaður til að tryggja samræmingu og eftirfylgni áætlunarinnar sé skipaður fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem og aðilum frá öllum ráðuneytum. Fyrirkomulagið gefur von um að vinna eigi markvisst að samvinnu milli þjónustuaðila og að koma í veg fyrir að stjórnsýsluhindranir bitni á börnum.

### **Aðgerðaráætlunin**

Allar aðgerðirnar í áætluninni eru mjög mikilvægar en ástæða er til að nefna sérstaklega þær tillögur að:

- Auka eigi gildi fjölskyldunnar t.d. með því að tryggja að foreldrar fatlaðra og langveikra barna geti sinnt börnum sínum
- Leggja eigi áherslu á gjaldfrjálsa fræðslu og ráðgjöf til foreldra barna með sérþarfir og foreldra langveikra barna
- Tryggja eigi aðgengi allra barna að sálfræðiþjónustu

- Biðlisti eftir þjónustu barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans verði stytur
- Efla eigi eftirfylgni með börnum og ungmennum með geðraskanir
- Styttu eigi bið eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar
- Samræma eigi rétt langveikra og fatlaðra barna til félagslegrar þjónustu
- Auka eigi stuðning við langveik börn og börn með hegðunarvandamál, geðraskanir og þroskafrávik
- Auka eigi víðtækar forvarnir
- Auka eigi fjölbreytni í meðferðarúrræðum

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna tryggir rétt allra barna en samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks tryggir réttindi og réttarstöðu fatlaðra barna sérstaklega. ÖBÍ tekur því sérstaklega undir kafla III. lið 5 en þar stendur „*fötludum börnum verði tryggður allur nauðsynlegur stuðningur og þjónusta og þau efla og styrkt til virkni. Eigi síður en á árinu 2019 verði samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lögfestur*“.

Hugmyndir að aðgerðum sem koma fram í tillögunni eru yfirgripsmiklar og þarfar. Afar jákvætt er að stjórnvöld setji málefni barna í forgang og hrindi af stað verkefnum í þágu barna af fullum þunga. Við nánari útfærslur á aðgerðunum minnir ÖBÍ á samráðsskyldu stjórnvalda við hagsmunasamtök fatlaðs fólks til að tryggja hagsmuni fatlaðra barna, barna með skerðingar og langveikra barna.

Ekkert um okkur án okkar,



Þuríður Harða Sigurðardóttir  
Formaður Öryrkjabandalag Íslands